

Starfsskýrsla 2025

Íþróttæfingar fyrir börn voru vel sóttar í upphafi árs og um 20 börn að æfa hjá félaginu. Auk æfinga fyrir krakka voru blakæfingar fullorðinna vel sóttar.



Þorablótið var haldið annan föstudag í Þorra og var það vel sótt.

Aðalfundur félagsins var haldinn 10. apríl í félagsheimilinu Borg. Engar breytingar voru gerðar á stjórninni en hana skipa Guðrún Ása Kristleifsdóttir formaður, Guðný Helgadóttir gjaldkeri og Sigríður Þorbjörnsdóttir ritari. Guðni Reynir Þorbjörnsson er áfram varamaður í stjórn, Dagný Davíðsdóttir verður annar varamaður og Guðmundur Finnbogason skoðunarmaður reikninga.

Um vorið tók kvennalið Hvatar þátt í öldungamóti í blaki í Kópavogi.

Um sumarið var boðið upp á frísbíggjónámskeið fyrir börn á svæðinu og var námskeiðið haldið á þeim þremur völlum sem eru til staðar í sveitarfélaginu. Þau börn sem sóttu námskeiðið voru mjög ánægð og eftirspurn eftir því að fá eins námskeið næsta sumar og þá helst líka fullorðins námskeið.

Yfir sumartímann var Hvöt ekki með neinar æfingar. Boðið var upp á 2 vikna sundnámskeið á Borg og var það vel sótt.

Haustið 2025 hófust æfingar aftur og nú boðið upp á frjálsar, blak og körfubolta. Um 20 börn og unglingar hófu æfingar þetta haustið. Blak kvenna verður sífellt vinsælla og liðið þátttakandi í héraðsmótum. Kvennalið Hvatar ákvað að taka þátt í Íslandsmóti þetta árið þar sem að mikill áhugi var á því að spila fleiri leiki og öðlast meiri leikreynslu.

Um haustið sótti ungmennafélagið um styrk í samvinnu við heilsu- og tómstundafulltrúa og keypti 20 pör af gönguskíðum sem ætlunin er að nota í samstarfi við skólann og frístundastarf á vegum sveitarfélagsins. Því miður gafst ekki kostur á að prófa búnaðinn mikið þar sem vetur var svo snjóléttur.

Ungmennafélagið á í mjög góðu samstarfi við frístundastarfs skólans þar sem að starfsmenn skólans fylgja börnunum í íþróttastarfið og aðstoða ef á þarf að halda og erum við mjög þakklát fyrir það.

Að lokum fengum við svo jólasvein til að heimsækja börn á aðfangadag.

Guðrún Ása Kristleifsdóttir

Formaður UMF Hvatar.